12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 105 28. janúar 1980, um hrognkelsaveiðar ásamt síðari breytingu.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1986.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

Nr. 140

# REIKNINGUR

**Minningargjafasjóðs Landspítalans fyrir árið 1985.**

**Rekstrarreikningur fyrir árið 1985.**

| | Skýr. | |
|---|---|---|
| Tekjur: | | |
| Samúðarskeyti Landssímans | | 5 331 576 |
| Innheimtuþóknun til F.Í.S. 15% | | (796 519) |
| | | 4 535 057 |
| Gjöld: | | |
| Styrkveitingar 1985 | | 1 938 000 |
| Prentun | | 75 186 |
| Laun og launatengd gjöld — innfærsla samúðarskeyta | | 42 175 |
| Annar kostnaður | | 9 010 |
| | | 2 064 371 |
| Hagnaður fyrir fjármunatekjur | | 2 470 686 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld): | | |
| Vextir og verðbætur af bankareikningum | | 2 420 395 |
| Vextir og verðbætur af spariskírteinum | 2 | 2 215 645 |
| Arður | | 2 052 |
| Reiknuð gjöld vegna áhrifa verðlagsbreytinga | 1 | (2 226 000) |
| | | 2 412 092 |
| Hagnaður ársins | | 4 882 778 |
| Rástöfun hagnaðar: | | |
| Ráðstöfun skv. 5. gr. skipulagskrár | | |
| Úthlutun til Landsspítala | 3 | 2 200 000 |
| Yfirfært á höfuðstól | | 2 682 778 |
| | | 4 882 778 |

## Efnahagsreikningur 31. desember 1985.

Eignir

| | | Skýr. | |
|---|---|---|---|
| Bankainnistæður: | | | |
| Landsbanki Íslands | 78 128 | | |
| Búnaðarbanki Íslands | 4 304 632 | | |
| Útvegsbanki Íslands | 3 692 356 | | 8 075 116 |
| Spariskírteini ríkissjóðs: | | | |
| 1 fl. 74C nafnverð 2 500 | 206 131 | | |
| 1 fl. 75C nafnverð 2 500 | 160 459 | | |
| 1 fl. 76C nafnverð 15 000 | 687 458 | | |
| 1 fl. 85B nafnverð 5 640 000 | 7 730 748 | | |
| Áfallnir vextir | 252 362 | 2 | 9 037 158 |
| Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands | | | 20 520 |
| Eignir samtals | | | 17 132 794 |

Skuldir og eigið fé:

| | Skýr. | 1985 |
|---|---|---|
| Skuldir: | | |
| Úthlutun til Landspítalans til ráðstöfunar skv. 5. gr. skipulagsskrár; til úthlutunar 1986 | | |
| Frá fyrra ári | | 3 035 000 |
| Ráðstöfun hagnaðar 1985 | 3 | 2 200 000 |
| Skuldir samtals | | 5 235 000 |
| Eigið fé: | | |
| Höfuðstóll 1. janúar 1985 | | 6 266 732 |
| Jöfnunarhlutabréf | | 6 840 |
| Endurmat spariskírteina 1. janúar 1985 | | 715 444 |
| Reiknuð gjöld vegna áhrifa verðlagsbreytinga | 1 | 2 226 000 |
| Hagnaður ársins færður á höfuðstól | | 2 682 778 |
| Eigið fé samtals | | 11 897 794 |
| Skuldir og eigið fé samtals | | 17 132 794 |

Reykjavík, 20. febrúar 1986.
Erna Bryndís Halldórsdóttir,
gjaldkeri sjóðsins.

Kjörnir endurskoðendur:
Ólöf Pétursdóttir.
Vilborg Gunnlaugsdóttir.

**Skýringar með ársreikningi 1985.**

**Reikningsskilaaðferðir:**

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á reikningsskilaaðferðum:

1. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á tekjur og gjöld vegna peningalegra eigna og skulda eru nú í fyrsta sinn reiknuð og tilfærð í ársreikningnum og sundurliðast þannig:

| | kr. |
|---|---|
| Reiknuð gjöld vegna peningalegra eigna | (3 306 000) |
| Reiknaðar tekjur vegna skulda | 1 080 000 |
| Reiknuð gjöld vegna áhrifa verðlagsbreytinga samtals | (2 226 000) |

Reiknuð gjöld vegna peningalegra eigna og reiknaðar tekjur vegna skulda eiga að endurspegla þá raunvirðisrýrnun sem verður á þessum liðum við verðbólguaðstæður. Þess ber þó að gæta að gjöldin eiga sér mótvægi í vaxtatekjum og verðbótum en tekjurnar í vaxtagjöldum, eða sem tekjur vegna þess að skuld er ekki vaxareiknuð. Með þessum hætti er leitast við að raunvextir komi til tekna og gjalda í rekstrarreikningi. Reiknuðu gjöldin og tekjurnar miðast við stöðu peningalegra eigna og skulda í upphafi árs og eru það hlutfall, sem nemur hækkun á lánskjaravísitölu innan ársins, sem nam 35,6%.
Nákvæmni þessara útreikninga takmarkast meðal annars af því hversu dæmigerð staða þessara liða í ársbyrjun er um stöðu þeirra á árinu.

2. Áfallnar verðbætur á spariskírteini ríkissjóðs voru nú í fyrsta sinn eignfærðar í ársreikningi. Verðbætur áfallnar 1. janúar 1985 voru færðar yfir höfuðstól, en verðbótahækkun innan ársins var tekjufærð í rekstrarreikningi undir liðnum fjármunatekjur.

**Skipulagsskrá:**

3. Samkvæmt 5. gr. skipulagsskrár sjóðsins skal því sem sjóðnum kann að áskotnast umfram vexti, ásamt 5/6 hlutum vaxta, varið til hjálpar sjúklingum er sjúkravist eiga í Landspítala Íslands til greiðslu sjúkrakostnaðar þar og í öðru lagi er heimilt, ef fé er aflögu, að styrkja til sjúkrahússdvalar erlendis og annars kostnaðar er af henni leiðir, þá sjúklinga sem ekki geta fengið fullnægjandi læknishjálp hérlendis.
Ef fé er fyrir hendi í árslok þegar styrkveitingum yfirstandandi árs er lokið er sjóðsstjórninni heimilt að verja allt að helmingi þess fjár sem þá er afgangs til kaupa á tækjum fyrir Landspítala Íslands. Ber stjórn Minningagjafasjóðsins að afhenda stjórn Landspítalans fé þetta á fjögurra ára fresti.

28. febrúar 1986 Nr. 141

# GJALDSKRÁ

**vegna hundahalds í Hveragerðishreppi fyrir árið 1986.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Hveragerðishreppi, sbr. samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 597/1982, verður kr. 4 000,00 fyrir árið 1986.